

Jafnlaunastefna Garðabæjar

Garðabær leggur áherslu á að veita íbúum bæjarins framúrskarandi þjónustu og sækist eftir að ráða til starfa metnaðarfulla og færa einstaklinga sem eru jákvæðir, faglegir og áreiðanlegir. Launastefna Garðabæjar er mikilvægur hlekkur í að styðja við þau markmið. Jafnlaunastefnan er ennfremur launastefna Garðabæjar.

Allar launaákvæðanir skulu vera gagnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar. Launaákvæðanir eru byggðar á kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag. Laun taka mið af þeim kröfum sem starf gerir til starfsmanns og er stuðst við stigamat Starfsmats við mat á verðmæti starfa.

Stefna Garðabæjar er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Jafnverðmæt störf skal grunn launaraða á sama hátt og skulu öll persónuleg viðbótarlaun samkvæmt kjarasamningum rökstyðjast með staðfestum gögnum. Komi ómálefnalegur launamunur í ljós skal bregðast við í samræmi við jafnlaunamarkmið innan skilgreinds tímaramma með það að leiðarljósi að jafna stöðu starfsmanna óháð kyni.

Bæjarstjóri ásamt sviðsstjórum sviða Garðabæjar bera ábyrgð á innleiðingu jafnlaunastefnu bæjarins og hafa mannauðsstjóri og deildarstjóri kjaradeildar þá ábyrgð að framfylgja stefnunni.

Jafnlaunastefnunni er ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir. Með því er átt við þá stefnu að greiða starfsmönnum jöfn laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf samkvæmt skilyrðum jafnréttislaga, ásamt öllum öðrum lögum og reglum sem tryggja að fyllsta jafnræðis sé gætt við launaákvæðanir. Jafnlaunakerfi Garðabæjar er ætlað að tryggja framkvæmd á jöfnum launum fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

Jafnlaunakerfi Garðabæjar skal ávallt standast allar lagalegar kröfur ásamt kröfum jafnlaunastaðals ÍST-85:2012 með stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum. Jafnlaunastefna og jafnlaunakerfi skal vera skjalfest í gæðahandbók, vera aðgengileg á innri og ytri vef og endurskoðast árlega.

Jafnlaunastefnu skal kynna starfsmönnum ásamt niðurstöðum launagreininga.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar

3. október 2019

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.